



Höfundar:  
**Jón Jónsson**  
**Eiríkur Valdimarsson**



## **Héraðsskjalasafn fyrir Strandir?**

**Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa**  
**Hólmavík – 2023**



## Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b>	3
<b>Héraðsskjalasöfn á landsvísu</b>	5
<b>Staðan á Ströndum</b>	9
<b>Viljinn er fyrir hendi</b>	11
<b>Hvað er til ráða? – Nokkrar ólíkar leiðir</b>	13
<b>Leið 1: Gera ekkert – óbreytt staða</b>	13
<b>Leið 2: Björgunarstarf – safna skjölum í héraði</b>	14
<b>Leið 3: Skila gögnum á Þjóðskjalasafnið og fleiri söfn</b>	14
<b>Leið 4: Gerast þátttakendur í skjalasafni annarra sveitarfélaga</b>	15
<b>Leið 5: Sameinast sveitarfélagi þar sem er starfrækt skjalasafn</b>	16
<b>Leið 6: Stofna sérstakt héraðsskjalasafn fyrir Strandir</b>	17
<b>Lokaorð</b>	18
<b>Helstu heimildir</b>	19
<b>Gagnlegar vefsíður:</b>	19
<b>Lög og reglugerðir:</b>	19
<b>Aðrar helstu heimildir:</b>	19

## Samantekt

Á Ströndum er ekki starfandi héraðsskjalasafn og hefur aldrei verið. Þó er vissulega þörf á slíku safni og lengi hefur verið áhugi á svæðinu á að skjalasafni sé komið á fót. Öflugt héraðsskjalasafn væri sérstaklega mikilvægt fyrir skjalavörslu sveitarfélaga á Ströndum og stofnana þeirra, félagasamtök og fyrirtæki, og jafnframt fyrir allar rannsóknir tengdar sögu svæðisins og þróun þess. Skortur á safni og slæmt aðgengi að skjölum háir slíku rannsóknastarfi og stendur einnig í vegi fyrir að persónuleg skjöl sem falla undir upplýsingalög séu aðgengileg þeim einstaklingum sem áhuga hafa á að sjá gögn um sig sjálfa, eins og þeir eiga rétt á.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa sótti um stuðning til að gera dálitla skrifborðsúttekt á málinu til Frumkvæðissjóðs Sterkra Stranda sem er nafnið á verkefni Strandabyggðar innan Brothættra byggða sem Byggðastofnun og Vestfjarðastofa halda utan um. Styrkur fékkst og var hann að upphæð 400 þús. Þökkum við kærlega fyrir þann stuðning, þessi samantekt hefði ekki verið gerð án hans. Að baki verkefninu liggur umhyggja fyrir stjórnsýslunni og sögu svæðisins. Bætt skjalavarsla, aukin yfirsýn yfir hvað sé varðveitt og betra aðgengi að skjölum er líka lykilatriði fyrir ýmsar rannsóknir hjá rannsóknarsetri eins og því sem er starfandi hér á Hólmanvík og sama gildir um alla aðra sem leita upplýsinga eða skrifa sögulegan fróðleik.



Niðurstaðan af vinnunni, þessi litla skýrsla, er svo afhent sveitarfélögunum á Ströndum, þeim að kostnaðarlausu. Hún er hugsuð sem innlegg í umræðu, en öll ákvarðanatataka er auðvitað á borði sveitarfélaganna sjálfra. Rekstur héraðsskjalasafns er ekki lögbundin starfsemi sveitarfélaga, en víða eru þau samt rekin með miklum myndarbrag og eru samfélögunum sem þau starfa í til mikils sóma. Þar sem þau eru ekki starfrækt er aftur á móti nauðsynlegt að koma margvíslegum skjölum á höfuðsöfn á landsvísu, bæði til að varðveita menningarsögu svæðisins og eins ættu sveitarfélög auðvitað að kappkosta um að starfa í samræmi við lög og reglur.

### Í stuttu máli eru helstu niðurstöður þessarar úttektar:

#### STAÐA MÁLA Á STRÖNDUM:

- # Það er mikill skaði fyrir söfnun og varðveislu gagna að ekki hafi verið starfandi héraðsskjalasafn á Ströndum síðustu áratugi. Það er augljóst að tapast hafa ómetanleg gögn, bæði opinber gögn og einkaskjöl.


- # Á Ströndum er talsvert af skjölum opinberra stofnanna ennþá varðveitt heima hjá fólki eða á háaloftum eða í geymslum fyrirtækja og stofnana við misjöfn varðveisluskilyrði. Dæmi eru um að slík gögn hafi brunnið, þau lent í raka og myglu eða verið hent.
- # Skjölum sveitarfélaga á svæðinu hefur ekki verið skilað reglulega eða skipulega til Þjóðskjalasafns Íslands, eins og skylt er lögum samkvæmt. Skjöl eldri sveitarfélaga hafa til dæmis ekki skilað sér á safnið, eins og þau hefðu átt að gera, eftir sameiningar í Strandabyggð síðustu áratugi.

### **FRAMTÍÐIN – TILLÖGUR:**

- # Það er okkar niðurstaða að ekki sé svigrúm til að stofna sérstakt héraðsskjalasafn á Ströndum á næstunni, fjárhagur sveitarfélaganna leyfi það ekki.
- # Augljóst er hins vegar að framundan eru sameiningar sveitarfélaga og sveitarfélögin á Ströndum verða þar ekki undanskilin. Nær öruggt má telja að við þær sameiningar muni sveitarfélögin á Ströndum sameinast stærra sveitarfélagi, þar sem héraðsskjalasafn er starfrækt, ef miðað er við að lágmarksfjöldi í sveitarfélögum verði 1000 íbúar. Grípa þarf þau tækifæri sem í slíkri sameiningu felast til að koma skjalavörslunni, skylduskilum og aðgengi að opinberum skjölum í viðunandi form.
- # Það er okkar mat að til viðbótar sé nauðsynlegt að móta verkefni um söfnun og björgunarstarf á skjölum á svæðinu sem allra fyrst, í samvinnu við og með ráðgjöf frá skjalasöfnum í nágrenninu og Þjóðskjalasafni. Það þyrfti helst að ná bæði til opinberra skjala og einkaskjala og leita þyrfti til fólks um að athuga hvað leynist í skápum og geymslum, háaloftum og kjöllum, heima hjá sér. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum er tilbúið að taka þátt í slíku verkefni og vera milliliður við að koma skjölum á viðeigandi safn.
- # Huga þarf í senn að opinberum skjölum, fundargerðarbókum félaga og einkaskjölum hjá stofnunum og fyrirtækjum, sérstaklega skjölum sem vitað er að geymd eru við ófullnægjandi aðstæður (t.d. í húsnæði Grunnskólans á Hólmavík þar sem skjöl eru geymd og mygla hefur greinst) og fylgja ráðleggingum sérfræðinga um björgun þeirra.
- # Skila þarf gögnum á Þjóðskjalasafn í samræmi við lög og reglur, ræða þau mál við Þjóðskjalasafnið og gera áætlun um framkvæmdina.

## Héraðsskjalasöfn á landsvísu

Varðveisla skjala er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga á landinu og um skjalavistun og aðgengi skjala gilda fjölmörg lagaákvæði, auk þess sem á sveitarfélögunum hvílir afhendingarskylda samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn (nr. 77/2014). Eyðing skjala er að sama skapi óheimil og sveitarfélög og stofnanir þeirra eru skyldug til að afhenda opinberu skjalasafni þau skjöl sem verða til í starfseminni, þegar skjölin eru 30 ára gömul og rafræn gögn sem eru orðin 5 ára gömul. Til að bregðast við þessari skyldu starfrækja mörg sveitarfélög, stór og smá, héraðsskjalasöfn. Þannig sjá þau sjálf um skjalavörsluna og héraðsskjalasöfnin eru þá rekin af sveitarfélögum eða byggðasamlögum og á þeirra ábyrgð. Það er ekki lagaskyldt að reka héraðsskjalasafn, en um starfsemi þeirra gildir reglugerð (nr. 283/1994) um héraðsskjalasöfn. Þau sem ekki reka slíkt safn eru skyldug til að afhenda sín skjöl á Þjóðskjalasafn Íslands og greiða þá fyrir varðveisluna.



Myndin hér fyrir ofan kemur úr skýrslunni *Starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna* og þar má sjá hvar á landinu héraðsskjalasöfn eru starfrækt. Þau hafa verið alls 20 talsins síðustu áratugi og voru það enn um síðustu áramót. Þarna sést glögg að slík skjalasöfn eru víðast hvar starfrækt, nema þá helst á vesturhellingi landsins, Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. Að auki má sjá eyður í kringum höfuðborgarsvæðið og á Reykjanesi, í

nágrenni við Þjóðskjalasafn Íslands sem er höfuðsafn á sviði skjalavörslu, staðsett í Reykjavík.

Héraðsskjalasöfnin lúta faglegu eftirliti frá Þjóðskjalasafni Íslands sem er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnunar í landinu, auk þess að vera opinbert skjalasafn. Héraðsskjalasöfnin njóta styrkja úr ríkissjóði sem ákveðnir eru í fjárlögum hverju sinni. Þar er bæði um að ræða styrki til rekstar og verkefnastyrki sem nú eru einkum veittir til skönnunar- og miðunarverkefna. Mörg söfn hafa ráðist í skemmtileg verkefni á þessu sviði og miðlað skjölum og sögu sinna héraða.

Héraðsskjalasöfn sinna hlutverki sínu með ólíkum hætti, en lúta þó lögum um hlutverk opinberra skjalasafna. Þau verkefni eru:

1. Taka við og innheimta skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnýslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi.
2. Hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið og skapa þeim aðstöðu til þess, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkana.
3. Leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim eins og kostur er.
4. Hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.; afhendingarskyldir aðilar skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna athugana í þágu eftirlits opinberra skjalasafna.
5. Gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti skjalasafna, sbr. 1. tölul., eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma.
6. Leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.

Eins og fram hefur komið er afhendingarskylda á ákveðnum gögnum og skjölum lögum samkvæmt til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Þeir aðilar sem eru skilaskyldir eru vandlega skilgreindir í lögum. Það er forstöðumaður afhendingarskylds aðila sem ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi stofnunar eða sveitarfélags og ber ábyrgð á að skilaskyldunni sé sinnt. Í þessu felst einnig að ábyrgjast að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að tryggja að skjöl séu vernduð gegn eyðileggingu, ólöglegum breytingum og óleyfilegum aðgangi. Þarna koma nýleg lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018) einnig við sögu og einnig upplýsingalög (nr. 140/2012), því stofnunum er skylt að varðveita og gefa fólki aðgang að persónulegum upplýsingum um það sjálft sem hafa orðið til hjá opinberum aðilum. Að sama skapi þarf að tryggja að aðrir hafi ekki aðgang að viðkvæmum persónulegum

upplýsingum um aðra en þá sjálfa, eingöngu þeir sem um er fjallað í slíkum skjölum hverju sinni eiga rétt á að sjá upplýsingarnar.

Öflug héraðsskjalasöfn hafa sum hver skapað sér sérstöðu sem byggist á nálægðinni og persónulegum tengslum við það samfélag sem þau starfa í. Víða eru á héraðsskjalasöfnum varðveitt merkileg einkaskjöl fólks, sem til dæmis rata þangað við andlát einstaklinga, tiltekt í dánarbúum eða flutning fólks milli húsa eða héraða. Sum afhenda sín gögn sjálf og það er augljóst að oft vill fólk að heimildirnar séu varðveittar og aðgengi- legar í heimabyggð.



Þannig hefur safnast upp hjá héraðs- skjalasöfnum mikill fjöldi af ómetan- legum einkaskjölum sem innihalda margvíslegar heimildir um sögu svæða til viðbótar við opinberu gögnin, persónu- legar heimildir, t.d. sendibréf og dagbækur. Sama gildir um skjöl áhugafélaga og fyrirtækja í héraðinu sem eru ekki skilaskyld til Þjóðskjalasafns, þau enda gjarnan á héraðsskjalasöfnum og þar skiptir nálægðin ekki litlu máli, starfsfólkið leitar eftir slíkum gögnum og fólk veit að þau eiga heima á safni, vegna verkefna og miðlunar safnanna. Þetta er oft ómetanlegt fyrir sögulegar rannsóknir tengdar byggða- og viðburðasögu hvers héraðs, í skjalasöfnunum eru varðveittar ófáar skemmtilegar svipmyndir af mannlífi, menningu og daglegu lífi fólks.

Á síðustu misserum hefur umræða um stöðu héraðsskjalasafna á landinu litast dálítið af niðurskurði og samdrætti. Af þeim 20 héraðsskjalasöfnum sem starfrækt hafa verið á landinu síðustu áratugi hafa tvö nú verið lögð niður á þessu ári, með litlum fyrirvara og takmarkaðri umræðu og aðkomu fagfólks. Þarna eru það stóru sveitarfélögin Reykjavík og Kópavogur sem hafa ákveðið að loka sínum söfnum og færa þar með skyldur sínar við skjalavörslu og varðveislu á herðar Þjóðskjalasafnsins.

Sérfræðingar á sviði skjalavörslu hafa á móti, í kjölfarið á þessum ákvörðunum, lýst þeim sem miðsráðnum og illa ígrunduðum. Sérstaklega hefur verið bent á að með því að skella í lás sé verið að segja upp sérhæfðu starfsfólki sem hafi einstaka þekkingu á málefnum

Þessara sveitarfélaga, félagastarfi í þeim og oft einnig mikla innsýn í hvar merkileg einkaskjöl kunna að liggja. Auk þess hefur fræðaheimurinn töluverðar áhyggjur af því að Þjóðskjalasafn Íslands, sem nú þegar tekur við gífurlegu magni gagna víðsvegar af landinu, muni ekki anna auknum verkefnum og eiga enn erfiðara með að sinna sínu lögbundna hlutverki. Þar hefur skortur á húsnæði og geymslum háð starfseminni og ekki fundist lausnir á. Það hefur heldur ekki verið sýnt fram á að Þjóðskjalasafn Íslands sinni betur verkefnum fyrir þau sveitarfélög sem ekki hafa sitt eigið héraðsskjalasafn, heldur en þau héraðsskjalasöfn sem rekin eru heima í héraði. Einhver misbrestur virðist vera á að skjöl séu innkölluð af hálfu Þjóðskjalasafns, að minnsta kosti á það við á Ströndum.

Það er ljóst að héraðsskjalasöfnin í landinu eru mikilvægir vinnustaðir sérmenntaðra fræðimanna, þar sem yfirgripsmikil þekking á högum og háttum sveitarfélaga og landsvæða safnast saman. Þetta á bæði við um sögu og menningu, en einnig hafa sérfræðingarnir góða yfirsýn um hvaða gögn eru varðveitt og hver ekki. Það þykja mörgum vafasamar sparnaðaraðgerðir að loka eða leggja slíkar stofnanir niður, varanlega eða tímabundið. Slíkar aðgerðir geta auðveldlega leitt til þess að mikilvæg þekking glatast með öllu, það er ekki hlaupið að því að finna leiðir til að hún haldist og skili sér áfram. Raunar virðist ekki heldur vera neinn sérstakur sjáanlegur áhugi á því hjá þeim sem slíkar ákvarðanir taka.

Að okkar mati er það mikið hagsmunamál fyrir byggðalög sem eiga héraðsskjalasöfn að verja þau stöðugildi sem þeim fylgja með ráðum og dáð. Það er hluti af því að halda uppi menntunarstigi að halda úti störfum sem krefjast háskólamenntunar. Það hefur lengi verið mikilvægt byggðamál og um leið stuðla að eflingu menningar og mannlífs í héraði. Þar geta héraðsskjalasöfnin verið mikilvæg, eins og dæmin sýna. Heildarmyndin skiptir máli fyrir lífvænleg samfélög og það menningarauðmagn sem í þeim býr hverju sinni.



## Staðan á Ströndum

Á Ströndum hefur aldrei verið rekið héraðsskjalasafn. Þar sem svo háttar til, er enn mikilvægara en annars staðar að sveitarfélög og stofnanir sinni vel þeirri skilaskyldu til Þjóðskjalasafns sem kveðið er á um í lögum. Nokkuð hefur vantað upp á slíkt, einkum síðustu áratugi að því er virðist, miðað við þau gögn af Ströndum sem finna má í skráum Þjóðskjalasafnsins. Sýslumannsembættið í Strandasýslu virðist þó hafa staðið sig nokkuð vel á þessu sviði og fylgt lögum um skilaskyldu. Sveitarfélögin á Ströndum og fleiri aðilar þurfa hins vegar að taka sig á og það er mikilvægt að þau ráðist í átak til að uppfylla lögbundna skyldu sína um skil til Þjóðskjalasafns.

Eins er mikilvægt að miðla upplýsingum til íbúa á svæðinu og brottfluttra, sem hafa gögn í sínum fórum, um til hvaða safna sé hægt að skila einkaskjölum. Svo dæmi sé tekið um slík gögn, má nefna að vitað er að Strandir hafa lengi verið óvenjulega öflugt svæði hvað varðar dagbókaritun og útgáfu handskrifaðra sveitarblaða. Svo hefur verið allt frá því á 19. öld og þessi einkaskjöl eru ómetanleg fyrir söguritun og rannsóknir um daglegt líf og viðburði í héraðinu, ef þau eru varðveitt og aðgengileg til rannsókna. Aðeins lítill hluti af þessum gögnum hefur hins vegar skilað sér á söfn og vitað er að sum þeirra hafa glatast.

Þó eru líka til sérstaklega glæsileg dæmi um að slík einkaskjöl hafi ratað á réttan stað. Hér mætti til dæmis nefna skrif, sveitablöð, bréf og dagbækur bræðranna sískrifandi frá Tind í Miðdal við Steingrímsfjörð, Halldórs Jónssonar í Miðdalsgröf og Níelsar Jónssonar á Grænhól á Gjögri. Þessi gögn eru varðveitt og aðgengileg á Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og hafa verið efniviður í sagn- og þjóðfræðilegar rannsóknir á hugmyndaheimi og daglegu lífi um aldamótin 1900. Fleiri dæmi eru áhugaverðar heimildir og einkaskjöl sem varðveitt eru á söfnum syðra, bæði Handritadeildinni og Þjóðskjalasafninu. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa hefur notað sum þessara handrita við rannsóknaverkefni og bókaútgáfu, t.d. dagbækur frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Vissulega eru þó ákveðin ljón í veginum fyrir rannsóknasetur á Ströndum að nota slíkar heimildir á söfnum syðra, í tengslum við aðgengi, fjarlægð og takmarkaðan opnunartíma á lestrarsal.

Sveitarfélögin á Ströndum tóku þátt í stofnun Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum í Hrútafirði árið 1967 og hafa tekið þátt í rekstri þess síðan. Þar er margt merkra gripa af svæðinu og dálítið til af ljósmyndum. Skjöl eru þar ekki, enda eru starfandi héraðsskjalasöfn bæði fyrir Húnaþing vestra á Hvammstanga og í Austur-Húnavatnssýslu á Blönduósi. Á Sauðfjársetrið í Sævangi sem var stofnað 2002, og er sjálfseignarstofnun og viðurkennt safn, hefur líka skilað sér eitt og annað af skjölum og gögnum sem fólk hefur áhuga á að koma í varanlega varðveislu. Sauðfjársetrið hefur safnað ljósmyndum af svæðinu og líka tekið á móti margvíslegum skjölum, t.d.

fundargerðarbókum og gögnum félagasamtaka og fyrirtækja, ef eftir því hefur verið leitað. Það er þó ekki skilgreint hlutverk safnsins að safna og varðveita slík gögn, nema þau tengist beinlínis sauðfjárræktinni og búnaðarfélögum og slíkum menningar- og framfarasamtökum.

Hingað til hefur stjórn og starfsfólkið á Sauðfjársetrinu litið þannig á að áhugi væri á að koma á fót skjalasafni á Ströndum og hugmyndin verið að þessum gögnum yrði þá komið þangað í varanlegt skjól. Nú má telja ólíklegt að sveitarfélögin á Ströndum ráðist í slíkt framtak á næstunni. Þannig er stóra spurningin fyrir Sauðfjársetrið hvort það eigi að skila þessum gögnum á skjalasöfn á landsvísu syðra eða hvort eigi að hinkra eftir sameiningu sveitarfélaga á þessu svæði við öflugra nágrennasveitarfélag, s.s. Dalabyggð, Ísafjarðarbæ eða Húnaþing vestra, til að skjölin geti endað í héraðsskjalasafni fyrir allt svæðið í slíku sameinuðu sveitarfélagi. Það hlýtur að teljast líklegt að á næstu árum verði til skjalasafn fyrir Strandir með slíkri sameiningu.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa hefur líka fengið ýmis skjalagögn til varðveislu frá einstaklingum, en þar er bæði um að ræða einkaskjöl og opinber skjöl. Starfsfólk setursins hefur jafnan tekið vel í óskir fólks um að hafa milligöngu um að koma skjölum í viðeigandi hendur, fremur en að þau séu í reiðileysi eða hreinlega glattist. Þeim er þá komið til skila á viðeigandi söfn í héraðinu eða á landsvísu. Það er alveg á hreinu að frá sjónarhorni skjalavörslunnar er virkileg þörf á sérstöku átaksverkefni um móttöku og skil slíkra gagna á Ströndum, enda af nógu að taka.

Vöntun á formlegu skjalasafni á Ströndum hefur haft sínar afleiðingar. Í skápum og skúffum, á háloftum og í kjöllum, leynast vissulega ennþá gersemar, bæði opinber skjöl og gerðabækur, en ekki síður margvísleg einkaskjöl sem hafa upplýsingagildi um sögu og daglegt líf á Ströndum. Það er alveg ljóst að við slíkar aðstæður, þar sem gögn eru geymd við margvísleg skilyrði og alls ekki alltaf góð, tapast mikið af þekkingu og hefur örugglega gert í gegnum tíðina. Merkileg gögn, bæði opinber skjöl og einkaskjöl, hafa eyðilagst, brunnið eða hreinlega verið fleygt.


Þegar gögn glatast, tapast líka tækifæri á að halda utan um þekkingu, varðveita hana og miðla. Slíkt ástand er óbærilegt í heimi þar sem réttar upplýsingar skipta sífellt meira máli. Örugg varðveisla gagnanna er nauðsynleg til að hægt sé að miðla upplýsingum til þeirra sem eiga rétt á aðgengi að þeim, í samræmi við upplýsingalög.

## Viljinn er fyrir hendi

Sveitarfélögin á Ströndum eru vel meðvituð um vandann. Málið kom oft til umræðu á fundum sýslunefndar og héraðsnefndar á síðustu öld og á þeim vettvangi var af og til rætt um að stofna þyrfti héraðsskjalasafn. Á síðustu áratugum hefur einnig verið rætt um þörfina á héraðsskjalasafni á fundum sveitarfélaga á Ströndum. Meira að segja hafa tillögur um að hefja undirbúning þess verið samþykktar.

Árið 2005 var skýrslan *Vaxtarsamningur Vestfjarða til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar* gefin út, en þar gaf að líta tillögur verkefnastjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði. Þar var stofnun Héraðsskjalasafns á Ströndum eitt af lykilverkefnum sem lagt var til að ráðist yrði í innan þessa verkefnis. Í rökstuðningi fyrir því máli segir meðal annars í skýrslunni:

*Skjöl sveitarfélaga, stofnana og félaga sem hætt hafa starfsemi eru í sérstakri hættu af þeim völdum og enginn ákveðinn aðili gengur á eftir að þeim sé skilað á viðeigandi safn eða varðveitt við viðunandi aðstæður. Það er staðreynd að vegna þessa liggja víða um sýsluna ómetanleg menningarverðmæti; bækur, skjöl, ljósmyndir og fleiri gögn og heimildir í eigu félaga, stofnana og einstaklinga, undir skemmdum. Á hverju ári fer hluti af þessum menningararfi forgörðum, skjöl og gögn eyðileggjast vegna lélegra geymsluskilyrða eða er einfaldlega fleygt (s. 65).*



Í skýrslunni segir ennfremur að markmið héraðsskjalasafns sé að safna, varðveita og skrá gögn frá einstaklingum. Um þetta leyti keypti sveitarfélagið Strandabyggð gamla Kaupfélagshúsið á Hólmavík af Kaupfélagi Steingrímsfjarðar, m.a. með það fyrir augum að nýta hluta þess undir héraðsskjalasafn, en ekkert varð síðan úr því eftir kaupin. En þrátt fyrir að héraðsskjalasafn hafi ekki orðið til í kjölfar Vaxtarsamnings Vestfjarða hefur málið áfram borið reglulega á góma á Ströndum. Árið 2011 hélt Þjóðskjalasafn Íslands til dæmis námskeið fyrir sveitarfélög á Ströndum og Reykhólahreppi þar sem farið var yfir afhendingarskyldu og frágang skjalasafna, í ljósi þess að sveitarfélögin höfðu ekki sitt eigið héraðsskjalasafn. Þetta leiddi þó ekki til átaks í lögbundnum skilum hér um slóðir í framhaldinu.

Sveitarfélagið Strandabyggð hefur líka ályktað um þetta á allra síðustu árum. Þann 13. nóvember 2012 var erindi og tillaga um undirbúning fyrir stofnun héraðsskjalasafns samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Eftir það gerðist þó ósköp lítið, en á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar þann 13. ágúst 2019 var aftur tekið fyrir erindi sem meðal annars innihélt tillögu um stofnun héraðsskjalasafns í tengslum við önnur

möguleg samstarfsverkefni Strandabyggðar og Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum. Niðurstaða þess fundar var að sveitarstjórn ályktaði að kannað yrði nánar umfang og kostnaður við slíkt, án frekari skuldbindinga.

Tillaga um Héraðsskjalasafn á Hólmanvík kom einnig fram í tillögugerð og stefnumótun á íbúafundi fyrir Sterkar Strandir árið 2020 og varð að lokum eitt áhersluatriði íbúa í þessu verkefni sem er hluti af verkefni Byggðastofnunar um eflingu brothættra byggða á landsbyggðinni.

Þrátt fyrir allan þann vilja sem birtist í þessum tillögum síðustu áratugi, hefur ekkert afgerandi gerst í málinu. Í raun hafa möguleikarnir og þörfin á slíku safni aldrei verið tekin til skoðunar af neinni alvöru á vettvangi sveitarfélaganna. Þó er ljóst að skortur á almennilegri skjalavörslu á svæðinu hamlar rannsóknum og verkefnum og íbúar hafa ekki eðlilegt aðgengi að upplýsingum.



## Hvað er til ráða? – Nokkrar ólíkar leiðir

Ljóst er að skortur á héraðsskjalasafni á Ströndum hefur haft neikvæð áhrif á á ýmsa þætti sem lúta að rannsóknum og upplýsingamiðlun á svæðinu. Gögn sem alla jafna ættu að vera varðveitt, skráð og aðgengileg á vísnum stað, eru sum hver á hrakhólum, enn á heimilum fólks við misjafnar aðstæður eða jafnvel týnd varanlega.

Í þessu sem öðru þýðir lítið að blóta og barma sér yfir fortíðinni, heldur þarf að bíta í skjaldarrendur, horfa til framtíðar og snúa stöðu mála til betri vegar. Ýmsar leiðir eru þar færar, en mikilvægast af öllu er örugglega að hefja umbætur sem fyrst. Hér verður farið yfir nokkrar leiðir og tillögur sem blasa við, skoða ólíkar sviðsmyndir.

### Leið 1: Gera ekkert – óbreytt staða

Það að ákveða að gera ekkert og ráðast ekki í neinar sérstakar umbætur varðandi skil á skjölum til opinberra safna er óbreytt staða frá því sem verið hefur síðustu áratugi. Ljóst er að sú leið þýðir að engar breytingar yrðu á stöðu mála hjá sveitarfélögnum á Ströndum. Áfram væri erfitt eða jafnvel ómögulegt að sinna fyrirspurnum um gögn sem falla undir varðveisluskyldu sveitarfélaganna og skjalavarslan sjálf yrði áfram í ólestri.

Ýmiskonar gagnaöflun sem sveitarfélögin á Ströndum þurfa á að halda í framtíðinni, t.d. vegna skipulagsvinnu eða varðandi fyrri ákvarðanir, verður miklu erfiðari ef skjölin eru ekki aðgengileg. Sífelld leit að gögnum í skjalageymslum um víðan völl skilar heldur ekki viðunandi árangri. Það þarf að taka gögnin saman, hafa þau á vísnum stað og gera gott yfirlit um hvað í þeim er að finna. Allt þetta vinnst með því að koma þeim í örugga varðveislu til framtíðar.

Því þarf varla að eyða fleiri orðum í þessa leið, líta þarf til verkefna sem geta komið málunum á hreyfingu, leitt til umbóta og framþróunar.

#### **MAT Á LEIÐ 1:**

Þetta er kannski sú leið sem er líklegast að verði ofan á, en það er rétt að undirstrika að hún er um leið eina ótæka leiðin. Óbreytt ástand er heldur ekki í samræmi við lög. Ekki gera ekki neitt.

## Leið 2: Björgunarstarf – safna skjölum í héraði

Á þessum tímapunkti er ákveðið átaksverkefni eða björgunarstarf fyrsta skrefið og um leið sérstaklega áriðandi. Það er í sjálfu sér býsna einfalt en um leið mjög mikilvægt: Að koma í veg fyrir frekara tjón á menningararfinum.

Sveitarfélögin á Ströndum ættu nú þegar að ráðast í slíkt átak við að kortleggja og ná utan um þau gögn sem enn á eftir að koma í varanlega varðveislu. Þetta á bæði við hjá sveitarfélögum sjálfum og stofnunum þeirra, en auk þess þarf að gera átak í að kanna hvaða gögn kunna að vera í fórum almennings, félaga og fyrirtækja og koma þeim í skjól. Í kjölfarið þyrfti síðan að taka ákvörðun um framhaldið: Ákveða hvar skjölunum sé fundinn fullnægjandi varðveislustaður og hvort stofnun héraðsskjalasafns sé raunhæfur valkostur.

### **MAT Á LEIÐ 2:**

Átak um söfnun og kortlagning á þeim skjölum sem eru í ýmsum og misjöfnum geymslum hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra er algjörlega nauðsynlegt. Þetta verkefni er hægt að ráðast í og þarf að ráðast í, burtséð frá þeim ákvörðunum sem taka þarf í kjölfarið um varðveisluna.

## Leið 3: Skila gögnum á Þjóðskjalasafnið og fleiri söfn

Í 14. grein laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, er fjallað um skilaskyldu sveitarfélaga á skjölum sínum: „Afhendingarskyldir aðilar sem heyra undir stjórnslu sveitarfélags skulu afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín ef sveitarfélagið rekur ekki héraðsskjalasafn á eigin vegum eða á ekki aðild að slíku safni. Sveitarfélag sem afhendir Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín til vörslu greiðir fyrir vörslu þeirra samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.“

Það er algert lágmark og grundvallaratriði í starfi sveitarfélaganna á Ströndum að sinna þessari lagaskyldu og gera skjalavörsluna og skjalaskil að eðlilegum þætti í sinni daglegu umsýslu. Áætlun um slík skil þarf að vera fyrir hendi, unnin í samvinnu við Þjóðskjalasafnið.

Eins þarf að benda fólki, félögum og fyrirtækjum á skýrar og skilmerkilegar leiðir til að skila sínum gögnum og einkaskjölum á viðeigandi söfn, í þágu menningarsögu héraðsins.

### **MAT Á LEIÐ 3:**

Þar sem ekkert héraðsskjalasafn er starfandi verða sveitarfélög og stofnanir að skila gögnum til Þjóðskjalasafnsins, líkt og lög segja til um. Gera þarf áætlun

um þetta í samráði við Þjóðskjalasafn og vinna skipulega eftir henni. Ótækt er að eldri skjöl sveitarfélaganna og einnig sveitarfélaga sem hafa sameinast fyrir áratugum og eru forverar núverandi sveitarfélaga séu í einhverri óreiðu. Þegar 30 ár eru frá því þau heyrðu sögunni til þurfa þau öll að vera aðgengileg á Þjóðskjalasafni, fyrir öll sem vinna að sögulegum rannsóknum. Sömuleiðis þarf að finna leiðir til að leiðbeina þeim sem hafa margvísleg einkaskjöl í sínum fótum um hvar þau eiga best heima.



#### **Leið 4: Gerast þátttakendur í skjalasafni annarra sveitarfélaga**

Hægt væri að semja við öflugra sveitarfélag í nágrenninu sem rekur héraðsskjalasafn, t.d. Dalabyggð, Húnaþing vestra eða Ísafjarðarbæ, og mynda byggðasamlag um slíkt safn sem næði einnig yfir Strandir. Þannig myndi sérþekking, sem þegar er til staðar á þessum skjalasöfnum nággranna okkar, nýtast við að snúa við þessari stöðu mála í þessum málaflokki til betri vegar hratt og örugglega. Ef niðurstaðan verður að mynda byggðasamlag um

héraðsskjalasafn þyrfti að tryggja að leið 2 yrði farin samhliða því, sem sagt að ráðist verði samhliða í nauðsynlegt björgunarátak.

#### **MAT Á LEIÐ 4:**

Að gerast aðili að héraðsskjalasafni gæti verið millileikur, ef sameiningar sveitarfélaga dragast úr hömlu. Á hinn bóginn hlýtur að styttest í að fámenn sveitarfélög sameinist í stærri og öflugri heildir, enda ráða mörg minni sveitarfélögin illa við ýmis lögbundin verkefni.

### **Leið 5: Sameinast sveitarfélagi þar sem er starfrækt skjalasafn**

Líklegt er að við sameiningar sveitarfélaga á næstu árum muni sveitarfélögin á Ströndum sameinast fjölmennara sveitarfélagi þar sem héraðsskjalasafn er þegar starfandi. Það væri framfaraskref fyrir varðveislu menningarsögu svæðisins. Starfandi héraðsskjalasafn myndi væntanleg víkka sitt starfssvæði út og hefja söfnun gagna á Ströndum og varðveita þau til framtíðar. Þannig myndi slík sameining leiða til þess að lögbundnum skyldum yrði sinnt með viðunandi hætti á Ströndum öllum. Áður hefur þetta gerst í Hrútafirði, með sameiningu Bæjarhrepps við Húnaþing vestra.

Slík innkoma sérfræðipækkingar á starfandi héraðsskjalasafni, sem myndi víkka út sitt starfssvæði, myndi spara tíma við að byggja skjalavörsluna upp. Um leið myndi innkoma starfandi skjalasafns tryggja ákveðna fagmennsku við varðveislu og miðlun, auk þess að gera þennan menningararf sem í skjölunum býr aðgengilegan fræðifólki og almenningi.

#### **MAT Á LEIÐ 5:**

Líklegt er að sameiningar sveitarfélaga leiði til að þess að Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur verði þátttakendur í héraðsskjalasafni í náinni framtíð. Mikilvægt er að nýta þau sóknarfæri sem slíkt skapar til góðra verka.

Eftir sem áður er ekki hægt að biða eftir þessari lausn með aðgerðir í samræmi við leiðir 2 og 3 hér að framan, þær sem snúa að björgunarátaki og að sinna skylduskilum í samræmi við lög.

Það er tilfinning skýrsluhöfunda að einhvers konar sambland af leiðum 2 og 3 og þessari verði framtíðin í þessum málaflokki. Það væri að mörgu leyti farsæl lausn á raunverulegu vandamáli.



## Leið 6: Stofna sérstakt héraðsskjalasafn fyrir Strandir

Auðvitað væri hægt að stofna héraðsskjalasafn á Ströndum. Það er einungis spurning um fjármagn og vilja. Þá yrðu sveitarfélögin á svæðinu, sem myndu væntanlega mynda byggðasamlag um skjalasafnið, að koma upp viðunandi húsnæði sem myndi uppfylla kröfur um varðveislu með raka- og hitastýrðri geymslu. Vinna þyrfti í afhendingu gagna frá stofnunum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á svæðinu, og tryggja aðgang almennings og fræðimanna að skjölunum á lestrarsal. Jafnframt þyrfti að fjármagna stöðu héraðsskjalavarðar.

Í lögum um opinber skjalasöfn segir svo í 11. grein:

„Sveitarstjórn getur sótt um leyfi til Þjóðskjalasafns Íslands til reksturs héraðsskjalasafns til að varðveita skjöl sveitarfélagsins og sinna því hlutverki sem fram kemur í 13. gr. um hlutverk opinberra skjalasafna. Sveitarfélög geta myndað byggðasamlag um rekstur héraðsskjalasafns í samræmi við IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Með umsókn um slíkt leyfi skal, auk umsóknar skv. 2. mgr., fylgja samþykkt fyrir byggðasamlagið.

Í umsókn um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns skal gera grein fyrir áætluðum rekstrarkostnaði, húsnæði, búnaði og fjölda starfa sem safninu er ætlað. Þjóðskjalasafn Íslands veitir leyfi til reksturs héraðsskjalasafns, að fengnu samþykki ráðherra, ef umsókn ber með sér að fjárhagsleg og fagleg skilyrði séu fyrir hendi til rekstursins. Í leyfi skal tiltaka þær faglegu forsendur sem eru fyrir útgáfu þess.“

### **MAT Á LEIÐ 6:**

Leið 6 um stofnun héraðsskjalasafns á Ströndum er auðvitað langbesti kosturinn frá sjónarhóli skjalavörslunnar. Slíkt myndi leiða til margvíslegrar notkunar á skjölunum og sögulegra rannsókna sem tengjast Ströndum sem unnar yrðu í heimabyggð í framtíðinni. Sérþekking á málaflokknum yrði til heima í héraði, yfirsýn myndi aukast og lögum yrði framfylgt. Fjárhagsleg staða sveitarfélaga kann að vera ljón í vegi þess að þessi leið verði farin á þessum tímamarki. Það er einnig staðreynd að þrátt fyrir umræðu og tillögugerð um úrbætur og stofnun safns hefur slíkt ekki skilað árangri hingað til. Eitthvað hefur þannig skort upp á metnað Strandamanna á menningarsviðinu hvað þetta snertir í gegnum tíðina, til viðbótar við þann kostnað sem slíku verkefni fylgir. Það er óraunhæft að ætla að sú staða hafi breyst stórkostlega á síðustu misserum. Það er því mat okkar að þessi leið sé ófær eins og staðan er.

## Lokaorð

Það er full ástæða til að hvetja sveitarfélögin á Ströndum til dáða við skjalavörsluna, það er mikilvægt að þau standi sig á þessu sviði. Mikilvægt er að varðveita sögu og menningararf í hverju héraði og gera frumgögnin aðgengileg fyrir komandi kynslóðir, rannsóknir og fræðastörf. Sömuleiðis skiptir máli að geta fyrirhafnarlítið veitt einstaklingum umbeðnar upplýsingar í takt við upplýsingalög.

Best væri að ráðast sem allra fyrst í samhent björgunarátak sveitarfélaganna á Ströndum, í samvinnu við fleiri aðila. Slíkt átak ætti að snúast um að koma fleiri skjölum í öruggt skjöl og tryggja að þau séu varðveitt við viðunandi aðstæður. Þetta á bæði við um einkaskjöl og opinber skjöl. Sömuleiðis þarf slíkt átak í senn að snúa að einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sjálfum.

Það má helst ekki dragast mikið að ráðast í slíkt átaksverkefni. Forgangsverkefni ásamt björgunarátakinu sjálfu, væri svo að koma sem flestum skjölum á viðurkennd söfn, í samræmi við þann tímaramma sem gert er ráð fyrir í lögum. Slíkt væri sérstaklega mikilvægt fyrir varðveislu á sögu svæðisins, gögnin þurfa bæði að vera í öruggri geymslu og aðgengileg. Þannig þyrfti samhliða björgunarátakinu að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu til að afhenda þau skjöl sveitarfélaganna og stofnanna þeirra sem falla undir skylduskil til Þjóðskjalasafnsins. Þau gögn sem falla ekki undir 30 ára regluna og eru ekki afhent strax, þarf einnig að geyma í viðunandi skjalageymslu hjá hverju sveitarfélagi. Slíkar geymslur þarf að láta taka út af Þjóðskjalasafni.

Samstarfsaðilar sveitarfélaganna við þetta verkefni þyrftu að vera söfn á landsvísu, Þjóðskjalasafnið og Handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Gott væri einnig að hafa nálæg héraðsskjalasöfn með í ráðum, þau eru örugglega til í að aðstoða og gefa góð ráð. Þá væri eðlilegt að leita til Sauðfjárseturs á Ströndum sem samstarfsaðila, þar er safn sem hefur viðurkenningu Safnaráðs og starfar á svæðinu og hefur tekið á mótí ýmsum gögnum.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa er tilbúin til að aðstoða við slíkt verkefni.



## Helstu heimildir

### Gagnlegar vefsíður:

Skjalavefurinn – Héraðsskjalasöfn á Íslandi: [https://heradsskjalasafn.is/?page\\_id=10](https://heradsskjalasafn.is/?page_id=10)

Vefsíða Þjóðskjalasafns Íslands: <https://skjalasafn.is/>

### Lög og reglugerðir:

[Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.](#)

[Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.](#)

[Reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.](#)

[Upplýsingalög nr. 140/2012.](#)

### Aðrar helstu heimildir:

Árni Jóhannsson og Njörður Sigurðsson (ritstj.), desember 2018. *Skjalavarsla og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa afhendingarskyldra til Þjóðskjalasafns 2017.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Baldur Pétursson (ritstj.), jan. 2005. *Vaxtarsamningur Vestfjarða til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar.* lőnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Erla Dís Sigurjónsdóttir, Sólborg Una Pálsdóttir og Þorsteinn Tryggvi Másson, (maí 2023). *Starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna.*

[https://heradsskjalasafn.is/wp-content/uploads/2023/05/H%C3%A9ra%C3%B0sskjalas%C3%B6fn\\_2023.pdf](https://heradsskjalasafn.is/wp-content/uploads/2023/05/H%C3%A9ra%C3%B0sskjalas%C3%B6fn_2023.pdf)

Njörður Sigurðsson (ritstj.), ágúst 2010. *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Leiðbeiningarit Þjóðskjalasafns Íslands.* Þjóðskjalasafn Íslands.

[https://skjalasafn.is/files/docs/handbok\\_sveitarfelog.pdf](https://skjalasafn.is/files/docs/handbok_sveitarfelog.pdf)